



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

### Gjaldskrá vinnuskóla Seyðisfjarðar fyrir garðaþjónustu.

1. gr.

#### *Markmið.*

Að þjónusta eldri borgara og öryrkja með slátt og umhirðu garða þann tíma sem vinnuskóli er starfræktur á sumrin

2. gr.

#### *Gjöld.*

Lágmarksgjald fyrir slátt er 5.485 kr.

Sláttur á garði allt að 200 m<sup>2</sup> - 38 kr. m<sup>2</sup>.

Sláttur á stærri gördum - 31 kr. m<sup>2</sup>.

Lágmarksgjald fyrir umhirðu/hreinsun er 5.485 kr.

Umhirða/hreinsun garða allt að 200 m<sup>2</sup> - 38 kr. m<sup>2</sup>.

Umhirða/hreinsun stærri garða - 31 kr. m<sup>2</sup>.

3. gr.

#### *Réttur til garðsláttar*

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum kaupstaðarins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði. Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar en annars ekki. Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

4. gr.

#### *Fjöldi slátta og fyrirvari*

Garðar umsækjenda eru slegnir eftir umsóknum umsækjenda og eins og við verður komið af hálfu vinnuskólans. Gera má ráð fyrir að sláttur fari fram á vikutíma eftir að umsókn er móttækin.

5. gr.

#### *Viðmið og mörk*

Gjaldskrá þessi miðast við sléttar grasflatir um annað þarf að semja sérstaklega við bæjarverkstjóra.

6. gr.

#### *Umsjón*

Sláttur er í umsjón áhaldahúss kaupstaðarins og bæjarverkstjóri umsjónaraðili.

7. gr.

#### *Umsóknir og reikningar.*

Umsóknir um garðslátt skulu berast bæjarskrifstofunni á eyðublöðum sem fást þar eða á heimasíðu bæjarins. Reikningar eru sendir út í byrjun hvers mánaðar á eftir.

8. gr.

#### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 15. nóvember 2017.